


BÍÓ PARADÍS OG GRUNNSKÓLARNIR VORIÐ 2023

KVIKMYNDAFRÆÐSLA Á VORÖNN 2023



Í boði er kvikmyndafræðsla fyrir börn og unglinga á þriðjudögum og fimmtudögum á vorönn 2023. Sýningar eru ýmist klukkan 10:00 eða klukkan 13:00. Elstu hópum leikskóla er boðin þátttaka, ráði hópurinn við það að mati umsjónaraðila. Um er að ræða tvær myndir sem gætu hentað, sjá dagskrá.

Tilgangurinn með sýningunum er alhliða kvikmyndafræðsla fyrir börn og unglinga í grunnskólum til að kynna fyrir þeim kvikmyndir sem hafa alþjóðlega gæðastimpla, hafa skapað sér sess innan kvikmyndasögunnar og eru frá ýmsum þjóðlöndum. Við leggjum metnað okkar í að hafa úrvalið sem fjölbreyttast og sýnum klippur fyrir myndir til að útskýra kvikmyndatöku, tækniþrellur, vísanir í kvikmyndasöguna, greiningu á sviðsmynd og leik.

Mannkynssagan og myndir sem taka á mikilvægum samfélagslegum málefnum verða á boðstólum þetta vor. Við bjóðum upp á glænýja mynd um Önnu Frank og heimsfræga dagbók hennar, en myndin er teiknimynd fyrir börn og fullorðna. Sögusviðið er heimsstyrjöldin síðari með skemmtilegri tengingu við nútímann þar sem Kittý, ímyndaða vinkonan sem Anna skrifaði til, lifnar við og tekst á við vandamál flóttamanna. Önnur mynd sem fjallar um seinni heimsstyrjöldina og er ætluð börnum, er norska myndin Á flótta, þar sem systkini uppgötva gyðingabörn á heimili þeirra og leggja af stað í háskiferð yfir landamærin til Svíþjóðar.

Við sýnum indversku gamanmyndina Núll og Nix sem fjallar um gildi menntunar, að fylgja draumi sínum og samskipti mæðgna, þar sem móðirin ákveður að ljúka námi í sama skóla og dóttirin. Önnur mynd um samskipti mæðgna er Stúlkan, mamman og djöflarnir sem tekur á vandanum að alast upp hjá foreldri með geðræn vandamál og við verðum með stuðningsefni að lokinni sýningu.

Við sýnum Fríðu og dýrið og frönsku verðlaunamyndina Lúlli og leyndarmálið fyrir yngstu börn grunnskóla. Hugljúfa myndin Austanvindur fjallar um óvenjulega hæfileika unglingsstúlku sem er hestahvíslari. Við bjóðum upp á gamanmyndina Rushmore eftir Wes Anderson og myndina Girl, sem fjallar um stúlku sem er föst í röngum líkama, en myndin hefur sópað að sér verðlaunum og tekst á við mál sem eru í brennidepli.

Í flokknum bíóklassík er verðlaunamyndin Jaws eftir Steven Spielberg sem braut blað í kvikmyndasögunni og kom með mikilvægar nýjungar í kvikmyndagerð á áttunda áratugnum.

Pantið tímanlega hjá verkefnastjóra: oddnysen@gmail.com



GRUNNSKÓLASÝNINGAR VORIÐ 2023

HVAR ER ANNA FRANK 4.-10. bekkur

FRÍÐA OG DÝRIÐ 1.-4. bekkur

STÚLKAN, MAMMAN OG DJÖFLARNIR 8.-10. bekkur

GIRL 10. bekkur

AUSTANVINDUR 7.-10. bekkur

NÚLL OG NIX (NIL BATTEY SANNATA) 7.-10. bekkur

JAWS 10. bekkur

LÚLLI OG LEYNDARMÁLIÐ ÓGURLEGA 2.-4. bekkur

RUSHMORE 7.-10. bekkur

Á FLÓTTA 6.-8. bekkur



Verkefnastjórn: Oddný Sen kvikmyndafræðingur

Skráningar: oddnysen@gmail.com

Vefsíða: Kvikmyndafræðsla grunnskólanna í Bíó Paradís



HVAR ER ANNA FRANK



TEGUND OG ÁR: *Teiknimynd, 2021*

LENGD: *99 MIN*

FRAMLEIÐSLULAND: *Ísrael/Frakkland/Lúxemborg/Belgía*

LEIKSTJÓRI: *Ari Folman*

ÁÐALHLUTVERK: *Ruby Stokes, Emily Carey*

TUNGUMÁL: *Franska með íslenskum texta*

Dagbók Önnu Frank er ein mest lesnasta bók í heimi og í þessari einstöku teiknimynd fáum við innsýn í heim Önnu og fjölskyldu hennar á meðan hernámi nasista stóð. Myndin gerist bæði í nútímanum og seinni heimsstyrjöldinni, en í myndinni lifnar Kittý við, ímyndaða vinkonan sem Anna skrifaði til í dagbók sinni og tekst á við vandamálin sem steðja að okkur hér og nú, á meðan mannkynssagan er fléttuð inn í verkið.

Myndin hefur hlotið mikið lof og fjölda verðlauna, en hún er byggð á hinni einu sönnu dagbók Önnu Frank.

FRÍÐA OG DÝRIÐ



TEGUND OG ÁR: Ævintýri, teiknimynd, 1991

LENGD: 83 MIN

FRAMLEIÐSLULAND: BANDARÍKIN

LEIKSTJÓRI: Gary Trousdale, Kirk Wise

AÐALHLUTVERK: Paige O'Hara, Robby Benson, Jesse Corti

Myndin fjallar um hina ungu og fögru Bellu sem finnur drungalegan kastala úti í skógi þegar hún týnist, en í kastalanum leynist illgjarnt og ljótt skrímsli. Skrímslið reynist vera prins í álögum, en þau liggja á honum vegna eigingirni sinnar og sjálfselsku og verður ekki aflétt fyrr en honum tekst að finna manneskju til að elska sig. Ásamt honum er allt þjónustufólkið í álögum sem ýmiss konar áhöld, en það einsetur sér að hjálpa Bellu að finna hið góða í skrímslinu og aflétta álögunum áður en það verður of seint.

Á undan sýningu verða kynnt eldri útgáfur af Fríðu og Dýrinu.

STÚLKAN, MAMMAN OG DJÖFLARNIR



TEGUND OG ÁR: Spennamynd, 2016

LENGD: 90 MIN

FRAMLEIÐSLULAND: Svíþjóð

LEIKSTJÓRI: Suzanne Osten

AÐALHLUTVERK: Esther Quigley, Maria Sundborn, Maja Embrink

TUNGUMÁL: Sænska með íslenskum texta.

Siri er einstæð móðir sem býr ein í íbúð með dóttur sinni. Djöflarnir ráða ríkjum í lífi hennar en dóttir hennar Ti upplifir veröldina í íbúðina öðruvísi. Ti er lítil stúlka sem hvorki heyrir né sér djöflana sem móðir hennar talar stundum við en ástandið versnar þegar djöflanir taka alveg yfir. Ti styðst við sitt eigið ímyndunarafl til þess að sigra djöfla móður sinnar.

Stórkostleg ævintýramynd sem fæst við alvarlegar og raunverulegar aðstæður barns sem elst upp hjá móður sem glímir við alvarleg geðræn vandamál, en leikstjórinn Suzanne Osten byggir söguna á eigin reynslu barns sem elskar foreldri sitt skilyrðislaust.

GIRL



TEGUND OG ÁR: *Drama, 2018*

LENGD: *109 MIN*

FRAMLEIÐSLULAND: *Belgía og Holland*

LEIKSTJÓRI: *Lucas Dhont*

AÐALHLUTVERK: *Victor Polster, Ariele Worthalter, Oliver Bodart*

TUNGUMÁL: *Franska, flæmska og enska með íslenskum texta*

Í *Girl* er fjallað um stúlku sem var úthlutað röngu kyni við fæðingu. Lara er 15 ára gömul og ákveðin í að verða atvinnuballerína. Með stuðningi föður síns þá ákveður hún að elta þann draum í nýjum skóla. Gremja og óþolinmæði unglingsáranna magnast upp hjá Löru þegar hún gerir sér grein fyrir því að líkami hennar beygist ekki eins auðveldlega eftir ströngum reglum ballettsins, en ástæður þess má aðallega rekja til þess að henni var úthlutað röngu kyni.

Girl byrjaði að sópa að sér verðlaunum á Cannes kvikmyndahátíðinni og hefur haldið sigurgöngunni áfram á virtustu kvikmyndahátíðir heims. Myndin var auk þess tilnefnd til Golden Globe verðlauna.

AUSTANVINDUR



TEGUND OG ÁR: *Leikin mynd, 2013*

LENGD: 106 MIN

FRAMLEIÐSLULAND: *Þýskaland*

LEIKSTJÓRI: *Katia Von Garnier*

AÐALHLUTVERK: *Kristina Magdalena Henn, Lea Schmidbauer*

TUNGUMÁL: *Þýska með íslenskum texta*

Östwind er hugljúf fjölskyldumynd sem gerist á þýskum hestabúgarði og segir frá Miku, unglingsstúlku sem er að ganga í gegnum erfiðleika. Foreldrar hennar senda Miku til ömmu hennar sem hún þekkir lítið. Þar er villtur hestur sem enginn ræður við en í ljós kemur að Mika hefur hæfileika til að ná til dýra sem hún vissi ekki um sjálf og óvenju sterk tengsl myndast á milli hennar og hestsins.

Myndin hefur hlotið mörg verðlaun og viðurkenninga, þar á meðal Bavarian-verðlaunin 2014 sem besta unglingamyndin.

NÚLL OG NIX (NIL BATTEY SANNATA)



TEGUND OG ÁR: *Gamanmynd, 2016*

LENGD: *104 MIN*

LAND: *Indland*

LEIKSTJÓRI: *Ashwiny Iyer Tiwari*

AÐALHLUTVERK: *Swara Bhaskar, Ria Shukla*

TUNGUMÁL: *Indverska (hindí) með íslenskum texta*

Núll og Nix fjallar um móður og dóttur sem búa við kröpp kjör. Móðirin lauk aldrei gagnfræðaskólanámi og vinnur sem húshjálp til að koma dóttur sinni í gegnum skóla. Dóttirin er uppreisnargjarn unglingur og áttar sig ekki á gildi menntunar. Móðirin ákveður að taka ljúka gagnfræðaprófinu og lendir í sama bekk og dóttirin við litla ánægju hinnar síðarnefndu.

Hugtakið Nil Battey Sannata er slangur fyrir “einskisvirði” og myndin er sérlega hugljúf fjölskyldumynd með boðskapnum að allir hafi rétt á að dreyma að breyta lífi sínu, hvaðan sem þeir koma. Myndin hlaut þrenn verðlaun á Silk Road International-kvikmyndahátíðinni og var tilnefnd til fjölda annarra verðlauna.

JAWS – BÍÓKLASSÍK



TEGUND OG ÁR: Tryllir, 1975

LENGD: 124 MIN

FRAMLEIÐSLULAND: BANDARÍKIN

LEIKSTJÓRI: Steven Spielberg

AÐALHLUTVERK: Roy Scheider, Richard Dreyfuss, Robert Shaw.

Á áttunda áratugnum var brotið blað í bandarískri kvikmyndagerð þegar glænýjar hrollvekjur litu dagsins ljós. Ókindin var ein þeirra og markar upphafið að þeim nýjungum sem við sjáum í hrollvekjum nútímans, svo og tölvuleikjum.

Myndin gerist á friðsælum strandstað í Bandaríkjunum, Amity-eyju, en uppnám verður innan bæjarfélagsins þegar hvítháfur syndir inn á grynningar og veldur manntjóni. Lögreglustjóri bæjarins (Roy Scheider) fer ásamt haflíffræðingi (Richard Dreyfuss og hvalveiðimanninum Quint (Murray Hamilton) til að ná hvítháfnun.

Myndin varð ein sú alvinsælasta árið 1975 og í kjölfarið komu myndir á borð við The Omen árið 1976 og Star Wars ári síðar. Myndin var fyrst sýnd á skólasýningu árið 2012 við mikinn fögnuð viðtaddra.

LÚLLI OG LEYNDARMÁLIÐ ÓGURLEGA



TEGUND OG ÁR: *Teiknimynd, 2013*

LENGD: *80 Mínútur*

FRAMLEIÐSLULAND: *Frakkland*

LEIKSTJÓRI: *Eric Omond*


Aðalhlutverk: *Malik Zidi, Stéphane Debac, Anaïs Demoustier*

Tungumál: *Franska með íslenskum texta*

Lúlli úlfur og vinur hans Tommi kanína halda í ævintýrlegt ferðalag til Úlfalands í leit að mömmu Lúlla. Þar lenda þeir í ýmsum ævintýrum sem eiga eftir að reyna á bönd vináttunnar.

Myndin hlaut Césarverðlaunin (frönsku kvikmyndaverðlaunin) fyrir bestu teiknimyndina.

RUSHMORE



TEGUND OG ÁR: *Gamanmynd, 1999*

LENGD: 93 MIN

FRAMLEIÐSLULAND: *Bandaríkin*

LEIKSTJÓRI: *Wes Anderson*

ÁDALHLUTVERK: *Bill Murray, Olivia Williams, Seymour Cassel*

TUNGUMÁL: *Enska með enskum texta.*

Rushmore segir frá bráðþroska dreng, Max Fischer, sem vill umfram allt vera í einkaskólanum Rushmore, þótt hann standi sig ekki vel í neinu fagi. Á hinn bóginn er hann mjög duglegur í tómstundastarfi í skólanum þar sem hann stundar býflugnarækt, skrifar og setur á svið leikrit, þar á meðal um Víetnamstríðið.

Líf Max breytist þegar hann kemst að því að hann er á skilorði í skólanum og brátt kynnist hann sérkennilegum persónum sem hafa mikil áhrif á líf hans.

Wes Anderson hefur gert myndir á borð við *The Royal Tenenbaums*, *Moonrise Kingdom* og *The Grand Budapest Hotel*. Myndir hans einkennast af töfraraunsæi þar sem hversdagsleiki og ævintýraveröld fléttast saman.

Kvikmyndatækni hans verður kynnt og kennd fyrir sýningu.

Á FLÓTTA



TEGUND OG ÁR: Fjölskyldumynd/stríð, 2020

LENGD: 96 MIN

FRAMLEIÐSLULAND: Noregur

LEIKSTJÓRI: Johanne Helgeland,

LEIKARAR: Anna Sofie Skarholt, Bo Lindquist-Ellingsen

TUNGUMÁL: Norska með íslenskum texta

Myndin gerist í seinni heimsstyrjöldinni, nánar tiltekið í desember 1942 og segir frá systkinunum Gerðu (tíu ára) og Ottó (13 ára). Stríðið geisar og nasistar halda ungliðasamkomur fyrir börn. Systkinin komast að því að tvö börn af gyðingaættum halda til í kjallaranum á heimili þeirra. Foreldrar þeirra eru í andspyrnuhreyfingunni og eru handtekin, en við tekur háskaför barnanna fjögurra yfir landamærin til Svíþjóðar.

Kvikmyndin hefur hlotið fjölda verðlauna, sem besta barnakvikmyndin í Noregi árið 2020 og áhorfendaverðlaun unga fólksins á Evrópsku kvikmyndaverðlaununum 2021 en þar sátu 3600 börn frá 38 löndum í dómnefnd.

SÝNINGAR:

FIMMTUDAGUR 26. JANÚAR KL. 10:00 – LÚLLI OG LEYNDARMÁLIÐ ÓGURLEGA

FIMMTUDAGUR 26. JANÚAR KL. 13:00 – RUSHMORE

ÞRIÐJUDAGUR 31. JANÚAR KL. 10:00 – HVAR ER ANNA FRANK

ÞRIÐJUDAGUR 31. JANÚAR KL. 13:00 – JAWS

ÞRIÐJUDAGUR 7. FEBRÚAR KL. 10:00 – FRÍÐA OG DÝRIÐ

ÞRIÐJUDAGUR 7. FEBRÚARKL. 13:00 – Á FLÓTTA

FIMMTUDAGUR 16. FEBRÚAR KL. 10:00 – RUSHMORE

FIMMTUDAGUR 16. FEBRÚAR KL. 13:00 – NÚLL OG NIX

VETRARFRÍ

ÞRIÐJUDAGUR 28. FEBRÚAR KL. 10:00 – JAWS

ÞRIÐJUDAGUR 28. FEBRÚAR KL. 13:00 – GIRL



ÞRIÐJUDAGUR 7. MARS KL. 10:00 – NÚLL OG NIX

ÞRIÐJUDAGUR 7. MARS KL 13:00 – AUSTANVINDUR

FIMMTUDAGUR 16. MARS KL. 10:00 – FRÍÐA OG DÝRIÐ

FIMMTUDAGUR 16. MARS KL. 13:00 – RUSHMORE

ÞRIÐJUDAGUR 21. MARS KL. 10:00 – GIRL/STÚLKAN MAMMAN OG DJÖFLARNIR

ÞRIÐJUDAGUR 21. MARS KL. 13:00 – HVAR ER ANNA FRANK

FIMMTUDAGUR 30. MARS KL. 10:00 – Á FLÓTTA

FIMMTUDAGUR 30. MARS KL. 13:00 – LÚLLI OG LEYNDARMÁLIÐ ÓGURLEGA

PÁSKAFRÍ

FIMMTUDAGUR 13. APRÍL KL. 10:00 – HVAR ER ANNA FRANK

FIMMTUDAGUR 13. APRÍL KL. 13:00 – AUSTANVINDUR

ÞRIÐJUDAGUR 18. APRÍL KL 10:00 – LÚLLI OG LEYNDARMÁLID ÓGURLEGA

ÞRIÐJUDAGUR 18. APRÍL KL. 13:00 – JAWS

FIMMTUDAGUR 27. APRÍL KL. 10:00 – NÚLL OG NIX

FIMMTUDAGUR 27. APRÍL KL. 13:00 – MAMMAN, STÚLKAN OG DJÖFLANRNIR

ÞRIÐJUDAGUR 2. MAÍ KL. 10:00 – FRÍÐA OG DÝRIÐ

ÞRIÐJUDAGUR 2. MAÍ KL. 13:00 – RUSHMORE

FIMMTUDAGUR 11. MAÍ KL. 10:00 - AUSTANVINDUR

FIMMTUDAGUR 11. MAÍ KL. 13:00 – Á FLÓTTA

Kennarar eru hvattir til þess að nota skólasýningar kvikmynda inn í kennslu sína og flétta boðskap, efnistöð og listræna nálgun inn í þær greinar sem við á hverju sinni s.s. í samfélagsfræði, myndlist, sögu og í smíðjum ýmis konar. Stuðningsefni er sent fyrir sýningar og í sumum tilfellum í kjölfar þeirra sem auðvelt er að nýta það inn í kennsluna.

Vinsamlegast sjáið til þess að umgengni nemenda í sölum sé í lagi og tryggt sé að nemendur skilji ekki eftir leifar eða umbúðir á gólfi eða í sætum.

Verkefnisstjóri: Oddný Sen

Skráningar: oddnysen@gmail.com

Vefsíða: Kvikmyndafræðsla grunnskólanna í Bíó Paradís



SÝNINGARPLÁN VEGNA GRUNNSKÓLASÝNINGA HAUSTIÐ 2023

1. 2. 3. 4. 5. 6. 7. 8. 9. 10.

JANÚÁR

fim	26.1.2023	10:00 Lúlli og leyndarmálið ógurlega	2.-4.bekkur							
fim	26.1.2023	13:00 Rushmore	7.-10.bekkur							
þri	31.1.2023	10:00 Hvar er Anna Frank	4.-10.bekkur							
þri	31.1.2023	13:00 Jaws	10.bekkur							

FEBRÚÁR

þri	7.2.2023	10:00 Fríða og dýrið	1.-4.bekkur							
þri	7.2.2023	13:00 Á flóttu	6.-8.bekkur							
fim	16.2.2023	10:00 Rushmore	7.-10.bekkur							
fim	16.2.2023	13:00 Núll og nix	7.-10.bekkur							

VETRARFRÍ

FEBRÚÁR

þri	28.2.2023	10:00 Jaws	10.bekkur							
þri	28.2.2023	13:00 Á flóttu	6.-8.bekkur							

MARS

þri	7.3.2023	10:00 Núll og nix	7.-10.bekkur							
þri	7.3.2023	13:00 Austanvindur	7.-10.bekkur							
fim	16.3.2023	10:00 Fríða og dýrið	1.-4.bekkur							
fim	16.3.2023	13:00 Rushmore	7.-10.bekkur							
þri	21.3.2023	10:00 Girl/Stúlkan, mamman og djöflarnir	10.bekkur/8.-10.bekkur							
þri	21.3.2023	13:00 Hvar er Anna Frank	4.-10.bekkur							
fim	30.3.2023	10:00 Á flóttu	6.-8.bekkur							
fim	30.3.2023	13:00 Lúlli og leyndarmálið ógurlega	2.-4.bekkur							

PÁSKAFRÍ

APRÍL

fim	13.4.2023	10:00 Hvar er Anna Frank	4.-10.bekkur							
fim	13.4.2023	13:00 Austanvindur	7.-10.bekkur							
þri	18.4.2023	10:00 Lúlli og leyndarmálið ógurlega	2.-4.bekkur							
þri	18.4.2023	13:00 Jaws/Girl	10.bekkur							
fim	27.4.2023	10:00 Núll og nix	7.-10.bekkur							
fim	27.4.2023	13:00 Mamman, stúlkan og djöflarnir	8.-10.bekkur							

MAÍ

þri	2.5.2023	10:00 Fríða og dýrið	1.-4. bekkur							
þri	2.5.2023	13:00 Rushmore	7.-10.bekkur							
fim	11.5.2023	10:00 Austanvindur	7.-10.bekkur							
fim	11.5.2023	13:00 Á flóttu	6.-8. bekkur							

	Hentar viðkomandi alskuldurshópi
	Tvær myndir sýndar á sama tíma
	Getur hentað

KVIKMYNDIR



HVAR ER ANNA FRANK – Teiknimynd, saga Önnu Frank, seinni heimsstyrjöldin, nútíminn, vandamál flóttamanna, mannkynssagan, jákvæðni, markmiðasetning. 4.-10. bekkur.

FRÍÐA OG DÝRIÐ – Ævintýri, teiknimynd, töfraverur, öðruvísi einstaklingar, sagan á bak við ævintýrið, lífsleikni, hugrekki. 1.-4. bekkur.

MAMMAN, STÚLKAN OG DJÖFLARNIR – Samfélagsleg málefni, geðræn vandamál uppaldanda, stuðningur í skóla, einelti, hugrekki, lífsleikni, samband móður, dóttur og frænku. 8.-10. bekkur.

GIRL – Að vera í röngum líkama, ósk eftir kynleiðréttingu, ballett, samskipti, einelti, tilfinningaátök, samfélagsleg umræða. 10. bekkur.

AUSTANVINDUR – Erfiðleikar unglingsáranna, að vera misskilin, uppgötvun nýrra hæfileika, lífið á hestabúgarði, ást á hestum, samband fjölskyldu, dóttur og dótturdóttur. 7.-10. bekkur.

NÚLL OG NIX – Samskipti móður og dóttur, nám, erfiðleikar við að kosta menntun, markmiðasetning, frelsi til að fylgja draumnum. Gamanmynd og drama. 7.-10. bekkur.

JAWS – Bíóklassík, hákarlar, eyja, ferðamannaiðnaður, ævintýri þriggja manna sem reyna að bjarga málunum, markar upphafið að nýjungum í hrollvekjum og tölvuleikjum. 10. bekkur.

LÚLLI OG LEYNDARMÁLIÐ ÓGURLEGA – Ævintýri, teiknimynd, vinátta ólíkra einstaklinga, baráttan fyrir frelsi, lífsleikni. 2-4. bekkur.

RUSHMORE – Gamanmynd, einkaskóli, ástarþríhyrningur, sérvitringar, Víetnamstríðið, myndir Wes Anderson, 7.-10. bekkur.

Á FLÓTTA – Seinni heimsstyrjöldin, andspyrnuhreyfingin, hugrekki, samband systkina, flótti, ævintýri, lífsleikni, spenna. 6.-8. bekkur

SKRÁNINGAR: oddnysen@gmail.com

Vefsíða: Kvikmyndafræðsla grunnskólanna í Bíó Paradís

